STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1984

7. september 1984 617 Nr. 383

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Aftan við 19. gr. reglugerðarinnar bætist núverandi 20. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 31/1983, og verði 3. mgr. 19. gr.

2. gr.

Ný 20. gr. orðist svo:

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir í erlendum bönkum. Þeir skulu gera viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Verði yfirdráttur banka meiri en þessu nemur skal bankinn hafa komið yfirdrættinum í rétt horf innan viku.

Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi. Fullnægi einhver banki ekki skilyrðum 1. gr. við gildistöku þessarar reglugerðar skal hann eiga þess kost að semja við Seðlabankanum um aðlögunartíma að ákvæðum greinarinnar.

Viðskiptaráðuneytið, 7. september 1984.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórhallur Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 42, nr. 383. Útgáfudagur 10. september 1984.